

Tónlistarfélag Ísafjarðar
Austurvegi
400 Ísafjörður

Ísafirði, 26.Nóvember 2020

Bæjarstjóri Ísafjarðar
Herra Birgir Gunnarsson

Efni: Afsal húsnæðis Tónlistarskóla Ísfjarðar til Ísfjarðarbæjar

Tónlistarfélag Ísafjarðar óskar hér með eftir því að Ísafjarðarbær yfirtaki rekstur og viðhald húsnæðis Tónlistarskólans við Austurveg 11 á Ísafirði.

Rekstrarfyrirkomulag Tónlistarskólans myndi haldast óbreytt.

Leigusamningur um neðstu hæð vegna leikskóla heldur sér óbreyttur og framlengdur á meðan Ísafjarðarbær hefur þörf fyrir húsnæðið. Tónlistarskólinn hefur haft af því töluvert óhagræði að hafa ekki not af þeim hluta húsnæðisins. Má skoða annað form eða heiti á leigusamningnum.

Hamrar yrðu áfram eign Tónlistarfélagsins og nýting Hamra af Tónlistarskólanum yrði með óbreyttu sniði. Komi til viðhaldskostnaðar vegna samskeyta Tónlistarskólahúsnæðis og Hamra verður sá kostnaður á hendi Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær myndi samhliða yfirtökunni gera nýtingarsamning við Tónlistarskólann þar sem yfirráð hans yfir húsnæðinu væru tryggð svo lengi sem hann er starfræktur þar. Einnig yrði í honum skýrt hvernig daglegu viðhaldi og húsvörslu yrði háttað. Komi upp hugmyndir um nýtingu á honum fyrir utan skólatíma yrði það gert í fullu samráði við skólastjóra.

Samkvæmt 6.gr.samstarfssamnings Bæjarstjórnar Ísafjarðar og Tónlistarfélags Ísafjarðar frá 26.júní 1997 skal söluandvirði húsnæðisins skiptast að jöfnu milli samningsaðila og verði nýtt til áframhaldandi tónmenntunar í bæjarfélaginu. Þetta atriði samningsins haldist þrátt fyrir yfirtöku, en viðhaldskostnaður húsnæðis frá yfirtöku Ísafjarðarbæjar til sölundags dragast frá hluta Tónlistarfélags. Þetta á við ef afgangur yrði af söluandvirði eftir uppbyggingu aðstöðunnar annars staðar.

Afsal eignarinnar er ekki formlega staðfest af hálfu Tónlistarfélags Ísafjarðar fyrr en að loknu samþykki félagsfundar.

Virðingarfyllst,

Steinþór Bjarni Kristjánsson
Formaður

